

# Spor þúsunda kvenna

## Listgjörningur sem gerður var í Kvennahlaupinu í Garðabæ 2009.

Þess var farið á leit við okkur nokkra listamenn í Garðabæ að gera listaverk,- gjörning í tengslum við Kvennahlaupið í Garðabæ þann 20. júní 2009, í tilefni af því að hlaupið var haldið í 20. sinn.

Sautján konur úr hópi listamanna sem nú hafa stofnað samtökin Grósku með félagi úr Garðabæ og Álftanesi, unnu að þessu verki en endanlega hugmynd að verkinu fékk Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir. Aðalmarkmiðið var að láta koma skírt fram hversu gríðarlegur fjöldi kvenna það var sem tók þátt í hlaupinu og einnig að búa til listaverk þar sem allar þessar konur lögðu sitt af mörkum. Þær reyndust vera um fimmþúsund og fimmhundruð. Þetta mun vera fjölmennasti gjörningur sem gerður hefur verið á Íslandi.

Frankvæmdin var með þeim hætti að þvert yfir Vífilstaðavegin rétt við rásmarkið lögðum við þykkt teppi, síðan tíu metra langan og tveggja metra breiðan striga og sprautuðum síðan málningu á strigann, hver með sína litatúpu. Svo lögðum annan striga ofaná og að lokum þykkt teppi yfir allt og negldum það niður. Þá var rásmerkið gefið og yfir hlupu konur og telpur á öllum aldri hver á fætur annarri og mörkuðu spor sín á verkið. Eftir að allar konurnar höfðu hlaupið yfir, lyftum við efra strigalaginu upp í háan krana framan við turninn á Garðatorgi en bárum svo neðri strigann og breiddum úr honum fram á við út frá hinum en hann var nákvæm spegilmynd hins.

Þessar þúsundir kvenna sem hlupu yfir strigann bjuggu í raun til listaverkið, og hafa þar með málað með fótum sínum listaverk sem stendur um ókomna tíð. Hinn samtaka hópur sautján listakvenna úr Garðabænum vann eins og smurð vél að þessu verki sem var svo sannarlega nokkuð flókið á þeim stutta tíma sem við höfðum til umráða. Allt efni til verksins var lagt til af ÍSÍ.

Nú hefur önnur spegilmynd verksins verið bútuð niður í litlar myndir 40x40 og 45x45 alls 46 verk sem verða hér til sýnis og sölu 10.-20. júní í tengslum við Kvennahlaupið í ár.

Allur ágóði af sölu verkanna mun renna til Krabbameinsfélagsins.

